



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
8. júlí 2011

Endurkaupaverð ríkisbréfa samfara öðru gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands

Í frétt Lánamála ríkisins frá 6. júlí var tilkynnt að kaupendur gjaldeyris í útboði Seðlabanka Íslands geti selt ríkissjóði ríkisvígla og ríkisbréf með gjalddaga fyrir árslok 2013 til fjármögnunar á gjaldeyriskaupum. Í fréttinni voru gefin upp kjörin sem viðskiptamönnum bjóðast ef þeir nota ríkisvígla eða RIKB 11 0722 til kaupa á gjaldeyri í útboðinu þann 12. júlí. Einnig kom fram í fréttinni að kjörin sem bjóðast vegna sölu á RIKB 12 0824 og RIKB 13 0517 yrðu tilkynnt í dag og eru þau nú birt í neðangreindri töflu þar sem uppgjörið miðast við 15. júlí.

Flokkar	Verð án áf. vaxta	Verð með áf. vöxtum	Ávöxtunar krafta
RIKB 12 0824	101,610	105,394247	2,75%
RIKB 13 0517	107,480	108,648716	3,00%

Viðskiptavakar sem ætla að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti með framangreindum ríkisskuldabréfum þurfa að upplýsa Lánamál ríkisins um það eigi síðar en kl. 09.00 þann 13. júlí. Ríkisverðbréfin þurfa svo að berast Lánamálum fyrir klukkan 11.00 þann 15. júlí. Greiðslur eiga sér stað eftir afhendingu bréfanna og eigi síðar en klukkan 16.00 sama dag.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson, Lánamálum ríkisins, í síma 569 9633.